



Grunnskóli Hornafjarðar

**Valhefti fyrir
smiðjur
7. og 8. bekk**

**Veturinn
2024 - 2025**

Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklingans. Nemendur í 7. bekk verða að velja eina Fab-lab smiðju og þetta er gert til þess að nemendur kynnist þessari grein í grunnskólanum og verði hæfari til þess að velja sig áfram í þessa grein í 8. bekk eða að velja sig frá henni líki þeim hún ekki. Til þess að námið verði markvissara er **ekki hægt að breyta í smiðjum nema að höfðu samráði við aðstoðarskólustjóra ásamt foreldrum.** Því er mikilvægt að lesa vel í það hvað er í boði.

Smiðja í 7. – 8. bekk

7. og 8. bekkingar eru í sex svokölluðum smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði verða heimilisfræði, leiklist, myndlist, smíðar, textílmennt, tölvur og Fab-Lab.

Hér á eftir fylgir nánari lýsing á því sem er í boði í hverri smiðju og eru nemendur beðnir að **velja þær fjórar smiðjur sem þeir kjósa helst og eina til vara** því hugsanlegt er að einhverjir fái ekki allar þær smiðjur sem þeir óskuðu helst eftir.

Munið að 7. bekkur verður að velja eina Fab – lab smiðju.
Munið 8. bekkur hefur val um þessar 6 smiðjur.

Heimilisfræði

Í heimilisfræði verður lögð áhersla á að fræðast um fjölbreytt mataræði og mismunandi matarmenningu. Nemendur fá einnig að koma með uppskriftir að heiman sem hægt er að vinna úr.

Myndlist

Unnið er með gifs og leir auk þess sem unnið er á fjölbreyttan hátt með grunnþætti myndlistar, formfræði, litufræði og myndbyggingu. Myndir eru unnar í tengslum við umfjallanir um íslenska og erlenda listamenn en áhersla er á að nemendur hafi gaman af myndsköpuninni og vinni með sínar sterku hliðar.

Sköpunargáfan fær að njóta sín og unnið er með hugmyndir nemenda. Nemendur safna verkum sínum í möppu og fara með heim að skólaárinu loknu.

Smíðar

Ýmis vinna í smíðastofunni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín með aðstoð smíðakennara.

Textílmennt

Í þessari smíðju verður farið í verkefni sem tengjast textíl. Hægt verður að búa til fjölbreytt verkefni þar sem hugmyndaflugið fær að njóta sín. Bæði verður um skylduverkefni og valverkefni að ræða.

Tölvur - Stuttmyndagerð

Stuttmyndagerð frá handriti að stuttmynd

Í þessari smiðju erum við að vinna fjölbreytt verkefni þar sem við vinnum með kvikmyndaformið og búum til stuttmyndir. Í byrjun gerum við nokkur stutt verkefni þar sem er farið í þætti eins og að huga að því hvernig við búum til mismunandi stemningu með lýsingu og hljóði. Þetta er það sem við munum gera:

- Segja sögu með því að skrifa handrit
- Gera myndhandrit (storyboard) eftir söguhandriti
- Klippa myndbönd
- Leikstýra eigin stuttmynd
- Leika
- Setja hljóð og tónlist inn á myndefni
- Hlaða niður stuttmynd
- Notað mismunandi sjónarhorn í myndatöku
- Búa til kynningarplakat fyrir stuttmynd
- Vinna jafnt sjálfstætt og með öðrum í verkefnum

Stuttmyndir og hönnun

Í þessari smiðju er blandað saman stafrænni myndatöku og hönnun. Unnin verða margvísleg verkefni þar sem verið er að hanna hlut eða hluti og um leið á að búa til stuttmynd um ferlið.

Það verður unnið með ýmis smáforrit, búum til Stop Movie, notum Capcut, iMovie og fleiri forrit. Hér er það áhugasvið nemandans sem fær að njóta sín, við ætlum að vinna með fjölbreytta tækni og mismunandi aðferðir.

Leiklist

Leiklist

Í þessari smiðju kynnast nemendur grunnatriðum í leiklist. Unnið verður með ímyndunaraflíð, spuna, líkamstjáningu og rödd.

Fab - Lab

Námskeiðið byggist á því að nemendur geti nýtt sér helstu tæki og áhöld sem notuð eru í Fab-Lab. Geti próað hugmyndir sínar sjálfstætt og undir leiðsögn kennara og nýti sér vinnuferlið frá hugmynd til afurðar með því að hanna og teikna og að lokum framleiða sína eigin afurð.

Valblað í 7. bekk

Nafn: _____ Bekkur: _____

Smiðja

Nú átt þú að velja þér þær fjórar smiðjur sem þú helst vilt fara í með því að merkja frá einum og upp í fjóra. Þú þarft einnig að velja á milli þeirra tveggja smiðja sem eftir standa og merktu 5 við þá sem þú vilt frekar því hugsanlega getur svo farið að einhverjir fái ekki allar smiðjurnar sem þeir óskuðu eftir. Merktu frá 1 – 5.

Heimilisfræði

Myndlist

Smíðar

Textíl

Leiklist

Fab-Lab

Stuttmyndagerð

Stuttmynd og hönnun

Athugið: Við skólasetningu verður nemendum gefinn kostur á að sjá í hvaða smiðju þeir hafa lent. Þyki þeim eitthvað athugavert við það þá mega þeir koma með foreldrum sínum og ræða breytingar.

Eftir það verður ekki hægt að breyta.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 30. maí 2024

Valblað í 8. bekk

Nafn: _____ Bekkur: _____

Smiðja

Nú átt þú að velja þér þær fjórar smiðjur sem þú helst vilt fara í með því að merkja frá einum og upp í fjóra. Þú þarft einnig að velja á milli þeirra tveggja smiðja sem eftir standa og merktu 5 við þá sem þú vilt frekar því hugsanlega getur svo farið að einhverjir fái ekki allar smiðjurnar sem þeir óskuðu eftir. Merktu frá 1 – 5.

Heimilisfræði
Myndlist
Smíðar
Textíl

Leiklist
Fab-Lab
Stuttmyndagerð
Stuttmynd og hönnun

Athugið: Við skólasetningu verður nemendum gefinn kostur á að sjá í hvaða smiðju þeir hafa lent. Þyki þeim eitthvað athugavert við það þá mega þeir koma með foreldrum sínum og ræða breytingar.

Eftir það verður ekki hægt að breyta.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 30. maí 2024